

HÖSKULDUR ÞRÁINSSON

## Um hvað snýst málið?

*Um málfræði Chomskys, málkunnáttu og tilbrigði*

### *Inngangur*

Í þessari grein<sup>1</sup> verður því haldið fram að meginhugmynd bandaríska málfræðingsins Noams Chomsky um eðli mannlegs máls og viðfangsefni málfræðinga sé miklu einfaldari en margir halda. Samt er hún svo mikilvæg að málfræði sem fræðigreinin verður aldrei söm og áður eftir þá byltingu sem stundum er kennd við hann og er núna rétt rúmlega hálfra aldar gömul ef miðað er við fyrstu bókina sem hann gaf út um þessi efni.<sup>2</sup> Ég mun fyrst útskýra grundvallarhugmyndina í fáum orðum, sýna síðan með dæmum hvaða áhrif hún hefur haft á ýmis svið málfræðinnar og benda þar á eftir á önnur svið þar sem hún hefur ekki haft og mun ekki hafa nein teljandi áhrif. Að því búnu mun ég fjalla um tilbrigði í máli í þessu ljósi og draga loks meginatriðin saman í lokaorðum.

### *Í hverju var málfræðibylting Chomskys fölgin?*


#### *Krossgáta eða kenning?*

Margir kannast sjálfsagt við heitið *ummyndanamálfræði* (e. *transformational grammar*) á þeirri tegund málfræði eða setningafræði sem dregur dóm af

<sup>1</sup> Greinin er byggð á fyrirlestri sem var haldinn á Hugvísindabingi vorið 2007. Fyrirlesturinn var einn af þrem boðsfyrirlesturum á málstofu sem var helguð 60 ára afmæli Félags íslenskra fræða og er bæði ljúft og skylt að þakka fyrir það tækifæri sem þar gafst til að gera grein fyrir þessum hugmyndum. Ritstjórar þessa heftis og ónefndur ritrýnir eiga líka þakkir skildar fyrir ábendingar um lagfæringar á greininni, einkum þeim kafla sem fjallar um tilbrigði. Þeir geta ekki að því gert að ég lét ábendingarnar stundum eins og vind um eyru þjóta.

<sup>2</sup> Noam Chomsky, *Syntactic Structures*. Haag: Mouton, 1957.

hugmyndum Chomskys. Þeir sem telja sig þekkja vel til sögu málfræðinnar segja þá stundum eitthvað á þá leið að Chomsky hafi nú ekki fundið ummyndunarreglurnar upp. Það hafi nefnilega verið kennari hans við Pennsylvaniuháskóla, Zellig Harris.<sup>3</sup> Það er að hluta til rétt. Upp úr 1950 var Harris að þreifa sig áfram með leiðir til þess að lýsa þeim staðreyndum að það er reglulegt eða fyrirsegjanlegt samband milli tiltekinna setningagerða, til dæmis germyndar og þolmyndar. Þess háttar sambandi lýsti hann með svonefndum ummyndunarreglum sem leiddu eina setningagerð af annarri. Chomsky tók hugmyndina um ummyndanir upp eftir Harris, en hann gerði í raun miklu meira en það: „He stole Harris’ crossword puzzle and made a theory out of it,“ sagði bandarískur málvísindamaður einu sinni við mig og það er býsna mikill sannleikur í þessu.<sup>4</sup> Chomsky nýtti sér ýmsar hugmyndir sem Harris var með um framsetningu á málfræðireglum, en hann bjó til kenningakerfi úr krossgátunni. Eitt af því sem málnotendur hafa tilfinningu fyrir eru reglubundin vensl á milli setningagerða og þekking á þessum venslum er þá hluti af málkunnáttu þeirra. Venslunum má t.d. lýsa með ummyndunarreglu. Svipaða hugmynd má þó reyndar finna í íslenskri bók sem er eldri en bók Harris, nefnilega í *Íslenskri málfræði* Björns Guðfinnssonar. Þar eru myndir eins og (1) til dæmis:<sup>5</sup>

- (1) Drengurinn(nf.) sótti hestinn(pf.).
- 
- Hesturinn(pf.) var sóttur (af drengnum(þgf.)).

Þótt þetta sé býsna skemmtilegt dæmi er meginatriðið þó þetta: Bæði Björn Guðfinnsson og Harris töldu sig vera að lýsa tungumálinu sem sjálfstæðu kerfi og voru ekki sérstaklega með málnotandann eða kunnáttu hans í brennidepli. Chomsky telur sig aftur á móti vera að lýsa málkunnáttunni,

<sup>3</sup> Zellig S. Harris, *Methods in Structural Linguistics*. Chicago: University of Chicago Press, 1951.

<sup>4</sup> Þetta var Ivan Sag, sem tók á sínum tíma meistaraþróf í málvísindum frá University of Pennsylvania, doktorsþróf frá Massachusetts Institute of Technology og kenndi síðan um tíma við University of Pennsylvania og var þannig bæði nemandi þeirra Harris og Chomskys og síðan samstarfsmaður Harris.

<sup>5</sup> Björn Guðfinnsson, *Íslensk málfræði handa skólum og útvarpi*. 4. útgáfa. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1946, bls. 85. Mig minnir að Eiríkur Rögnvaldsson hafi upphaflega bent mér á þetta.

þ.e. þeirri „málfræði“ sem málnotendur þurfa að hafa í höfðinu til þess að geta talað mál og skilið það. Það er viðfangsefni málfræðinga að lýsa þessari kunnáttu, að dómi Chomskys, eins og nú verður rakið.

### *Viðfangsefni málfræðinga*

Í bók sinni *Knowledge of Language: Its Nature, Origin and Use* ræðir Chomsky meðal annars um tvenns konar sjónarhorn sem menn hafa þegar þeir hugsa um mál.<sup>6</sup> Annars vegar horfa þeir á málið sem eitthvað sem menn kunna, eitthvað sem er hluti af málnotandanum og býr innra með honum, hann tileinkar sér á máltökuskeiði, notar og getur jafnvel glatað, t.d. þegar hann fær málstol. Þetta kallar Chomsky **innra mál** (eða *I-language*, þar sem *I* stendur einkum fyrir *internal*, en einnig má hugsa sér að vísað sé til *individual* ‘einstaklingsbundinn’ og jafnvel fleiri hugtaka).<sup>7</sup> Hins vegar horfa menn á málið utan frá, eitthvað sem hefur sjálfstæða tilvist og „er þarna úti“, óháð málnotandanum, ef svo má segja. Formgerðarsinnaðir málfræðingar líta þá á það sem einhvers konar táknkerfi sem lýtur eigin lögmálum og hægt er að rannsaka út af fyrir sig (sbr. þau ummæli sem oftast eru kennd við Saussure að málið sé *un système où tout se tient* ‘kerfi þar sem hvað bitur í skottið á öðru’),<sup>8</sup> aðrir kannski sem menningarverðmæti eða sameiningartákn. Það er þá þetta ytra mál sem átt er við þegar sagt er til dæmis: „Ástkæra, ylhýra **málið** ...“ eða „**Tungan** geymir í tímans straumi...“ Stundum tala menn líka um málið sem „verkfæri“ eða „tæki“ eða hlutgera það á annan hátt. Þetta kallar Chomsky **ytra mál** (e. *external language*, *E-language*). Chomsky telur að það sé **innra málið** sem hljóti að vera viðfangsefni málfræðinga fyrst og fremst, þ.e. málkunnáttan sjálf. Málfræðin er þá málkunnáttufræði, fjallar um málkunnáttuna og eðli hennar.

Það er fyrst og fremst í þessari nýju afstöðu sem bylting Chomskys er fólgin. Hún verður best skýrð með dæmum um það hvaða áhrif þessi

<sup>6</sup> Noam Chomsky, *Knowledge of Language: Its Nature, Origin and Use*. New York: Praeger, 1986.

<sup>7</sup> Sbr. Noam Chomsky, *The Minimalist Program*. Cambridge, Mass: The MIT Press, 1995, bls. 6.

<sup>8</sup> Ferdinand de Saussure, *Cours de linguistique générale*. Lausanne: Librairie Payot & Cie, 1916. Það mun þó engan veginn einfalt mál að finna því stað að Saussure hafi fyrstur manna sagt þetta eða skrifað, eins og rakið er í nokkrum smáatriðum hjá E.F.K. Koerner, *Linguistic Historiography. Projects and Prospects*. Amsterdam: John Benjamins, 1999, bls. 184 o.áfr. Sumir telja líklegra að þetta sé frá Antoine Meillet (Laurie Bauer. d. c.).

afstaða hefur haft á rannsóknir málfræðinga og viðfangsefni. Nú snúum við okkur að slíkum dæmum.<sup>9</sup>

### *Dæmi um ábrif af málfræðibyltingu Chomskys*

#### *Ábrif á setningafræði*

Pegar við erum að rannsaka útdauð mál eða eldri málstig verðum við að láta okkur nægja þær heimildir sem eru til um málið eða málstigið og reyna að lýsa þeim. Ágætt dæmi um slíka lýsingu er bók Jóns Helgasonar um málið á þýðingu Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu.<sup>10</sup> Þar eru tekin dæmi um ýmsar setningagerðir og stundum sagt ein gerð sé „alvana-leg“ en þó kannski hæpið hún sé notuð eins víða og önnur o.s.frv.<sup>11</sup>

Áður en málfræðibylting Chomskys varð notuð menn oft svipaðar aðferðir við að lýsa setningagerð lifandi mála og dauðra. Þeir söfnuðu þá dæmum um setningar í ritmáli eða (sjaldnar) talmáli, flokkuðu þær og gerðu grein fyrir því sem þeir fundu. Nú er það hins vegar svo að þótt við finnum ekki dæmi um tiltekna setningagerð í ákveðnum texta, vitum við ekki með vissu hvort höfundur textans gæti borið sér hana í munn eða ekki. Það getur m.ö.o. verið tilviljun að setningagerðin finnst ekki í dæmasafninu. En ef við hugsum um málið sem eitthvað sem málnotendur hafa vald á og kunna, er alveg ástæðulaust að láta sér nægja að leita í textum eða öðrum heimildum til þess að komast að því hvort tiltekin setningagerð er tæk eða ótæk í viðkomandi máli EF ÞAÐ ER ENNÞÁ LIFANDI. Þá berum við setningagerðina bara undir dóm málnotenda. Þetta er viðurkennd aðferð meðal setningafræðinga síðan Chomsky gerði byltingu sína, þ.e. eftir að málkunnáttufræðin varð til. Það liggur líka í augum uppi að allir sem kunna eitthvert tungumál hafa tilfinningu fyrir því hvort tiltekin setning er eðlileg í því máli eða ekki. Annars gætu þeir ekki leiðrétt börn og útlendinga og í raun hvorki notað málið né skilið.<sup>12</sup>

<sup>9</sup> Sjá líka umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni, *Setningar*, Handbók um setningafræði, Íslensk tunga III, ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson, meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 5 o.áfr.

<sup>10</sup> Jón Helgason, *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*. Safn Fræðafelagsins 7. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag, 1929.

<sup>11</sup> Sjá líka umræðu um þessa hluti hjá Höskuldi Þráinssyni, *Setningar*, bls. 5–15.

<sup>12</sup> Þótt þetta virðist liggja algjörlega í augum uppi eru þó til málfræðingar sem

Ein mikilvæg afleiðing af þessari breytingu er sú að í setningafræðilegum skrifum frá síðustu áratugum úir og grúir af ótækum setningum sem eru settar þar viljandi til þess að gera grein fyrir tilteknum atriðum í setningagerð viðkomandi máls. Við getum t.d. hugsað okkur að setningafræðingur væri að bera saman orðaröð í íslensku og ensku. Ef hann er málkunnáttufræðingur myndi hann kannski taka dæmi á borð við þessi til skýringar (hér táknar stjarna að viðkomandi setning sé ótæk):

- (2) a. Ég hef aldrei hitt Harald.  
 b. Harald **hef ég** aldrei hitt.  
 c.\* Harald **ég hef** aldrei hitt.
- (3) a. I have never met Harold.  
 b.\*Harold **have I** never met.  
 c. Harold **I have** never met.

Með því að stjörnumerki (2c) og (3b) væri málkunnáttufræðingurinn þá að segja að þessar setningagerðir væru ótækar í íslensku annars vegar og ensku hins vegar og síðan yrði ályktunin væntanlega á þá leið að íslenska væri svokallað „sögn-í-öðru-sæti-mál“ en enska ekki. Það merkir m.a. að sé einhver liður annar en frumlagið í upphafssæti setningar (sé t.d. „færður“ þangað eins og það er oft orðað) þá kemur persónubeygða sögnin yfirleitt í öðru sæti í íslensku en í ensku kemur hún á eftir frumlaginu og þar með í þriðja sæti. Þetta sannprófa menn með því að bera setningar af viðeigandi gerð undir dóm málnotenda, þar á meðal eigin dóm ef þeir tala þau mál sem um er að ræða, og það er auðvitað eðlileg aðferð ef maður hugsar um tungumálið sem eitthvað sem „býr“ innra með málnotandanum og hann kann — og ef maður hugsar þá jafnframt um málfræði (þar með talda setningafræði) sem lýsingu á þessari kunnáttu. Það er mikilvægur þáttur í henni að „vita“ (eða „finna“) hvaða setningar eru ótækar.

---

virðast telja að það sé einhvers konar misskilningur að venjulegir málnotendur hafi máltilfinningu: „Að þeirra mati [þ.e. málkunnáttufræðinga] er málnotandinn sjálfur dómbær um það, hvort setningar sem hann notar eru rétt myndaðar eða ekki“ (Jón Axel Harðarson, „Íslenskt mál,“ *Morgunblaðið* 17. maí, 2008). Þetta getur nú varla verið sérskoðun málkunnáttufræðinga, eins og Jón Axel lætur í veðri vaka, enda væri það verri sagan ef Íslendingar t.d. gerðu sér enga grein fyrir því hvaða mál þeir eru að tala þegar þeir segja eitthvað eða áttuðu sig ekki á því hvort það sem þeir heyra er íslenska eða eitthvert annað mál. En það gera menn auðvitað af því að þeir kunna móðurmál sitt og hafa tilfinningu fyrir því.

Þrátt fyrir það sem nú var sagt vilja sumir málfræðingar gera greinarmun á „raunverulegum dæmum“ og „tilbúnum dæmum“, eins og það er kallað. Raunveruleg dæmi eru þá dæmi sem finnast í bókum eða blöðum — eða jafnvel á Netinu — en tilbúin dæmi eru þau sem málfræðingar búa til og bera undir dóm málnotenda. Sumum finnst að raunverulegu dæmin svokölluðu séu það eina sem mark er takandi á í málfræðirannsóknum. Það er þó oft dálítill tvískinnungur í þessari afstöðu því að þeir sem gera mest úr gildi raunverulegra dæma eru oft um leið þeir sem eru gagnrýnastir á þá málnotkun sem þeir finna í textum — að ekki sé nú talað um Netid – og líta svo á að þar vaði alls konar villur og málleysur uppi. En með því að leyfa sér að leggja mat á textadæmin og telja sum þeirra ótæk og önnur vafasöm eru menn auðvitað um leið að viðurkenna að eigin máltilfinning, þ.e. eigin málkunnátta, sé eitthvað sem miða má við. Það er þessi kunnátta sem málkunnáttufræðingar vilja gera grein fyrir, ekki síst í skrifum um setningafræði.

#### *Ábrif á hljóðkerfisfræði*

Formgerðarstefnan (strúktúralisminn), sem var ríkjandi stefna áður en málkunnáttufræðin kom til, náði aldrei neitt svipuðum árangri á sviði setningafræðinnar og á sviði hljóðkerfisfræðinnar til dæmis. Ástæðan er sú að hljóðkerfi hvers máls má lýsa að verulegu leyti sem tiltölulega lokuðu kerfi sem er gert úr fáum einingum. Setningagerð tungumála er ekki hægt að lýsa sem einhvers konar kyrrstæðu kerfi eininga og þess vegna verður að leita annarra leiða þar, t.d. leiða sem freista þess að tengja ólíkar setningagerðir saman eða leiða eina gerð af annarri á reglubundinn hátt í einhverjum skilningi, eins og áður var vikið að. Þetta er reyndar mikilvægur þáttur í hugmyndum Harris, sem áður voru nefndar.<sup>13</sup>

En málkunnáttufræðin hefur auðvitað líka haft áhrif á það hvernig menn hugsa um hljóðafar tungumála. Það urðu nefnilega talsverðar áherslubreytingar í viðfangsefnum hljóðkerfisfræðinga þegar málkunnáttufræðin kom til sögunnar. Menn töldu sig m.a. sjá að aðferðir sem málkunnáttufræðingar notuðu gjarna við lýsingu á setningum, þar sem ein gerð var leidd af annarri eða tengd við hana með formlegri reglu, mætti líka nota til að lýsa tilteknum þætti í „hljóðkerfiskunnáttu“ málnotenda. Þar á ég við reglur sem leiða eitt form af öðru líkt og hér er sýnt á tiltölulega óformlegan hátt:

13 Harris, *Methods*.

(4) /l,m,n/ → órödduð / \_\_ /p,t,k/

Þessi regla segir að /l,m,n/ „verði“ órödduð á undan /p,t,k/. Með því að setja fram hljóðkerfisreglu af þessu tagi fyrir íslensku eru menn þá ekki bara að segja að /l,m,n/ **hafi orðið** órödduð á undan /p,t,k/ á einhverju tilteknu stigi íslenskrar málsögu heldur sé þetta „lifandi regla“ í máli Íslendinga (eða meirihluta þeirra). Það merkir þá m.a. að hún gildir ekki aðeins um framburð innlendra orða eins og *hjálpa*, *beimta*, *fantur*, *grænka*, *mjólk* o.s.frv. í máli þessara Íslendinga heldur „beita“ þeir henni umsvifalaust á ný orð í málinu — og jafnvel þegar þeir eru að tala erlend mál, ef þeir átta sig ekki á því að þar gildir þessi regla ekki. Þá segja þeir kannski til dæmis *melk* á dönsku eða *milk* á ensku með órödduðu /-hljóði þótt slíkt hljóð eigi hvorki heima í dönsku né ensku. Regla af þessu tagi er þá hluti af málkunnáttu þessara Íslendinga og þess vegna hluti af málfræði sem felur í sér lýsingu á þessari málkunnáttu. Tilraunir til þess að finna „lifandi reglur“, eða ferli, af þessu tagi voru lengi fyrirferðarmikið viðfangs efni hljóðkerfisfræðinga eftir að málkunnáttufræðin kom til sögunnar. Við komum nánar að þeim síðar í tengslum við umræðu um málbreytingar.<sup>14</sup>

#### *Ábrif á rannsóknir á máltöku barna og gildi þeirra*

Rússneski málfræðingurinn Roman Jakobson skrifaði fræga bók árið 1941 um barnamál, málstol og almenn hljóðlög. <sup>15</sup> Þar hélt hann því m.a. fram að það væri ákveðin samsvörun á milli þeirra hljóða sem börn næðu fyrst valdi á á máltökuskeiði, þeirra hljóða sem málstolssjúklingar misstu síðast vald á og þeirra hljóða sem væru algengust í málum heimsins — og yrðu jafnvel síst fyrir barðinu á hljóðbreytingum. Þótt þetta væri löngu áður en Chomsky setti sínar kenningar fram má þó segja að þarna glytti í það sjónarmið að það hvernig börn ná valdi á móðurmálinu geti sagt okkur eitthvað um það hvers eðlis tungumálið er. Það höfðu auðvitað ýmsir haft áhuga á barnamáli fyrr, en þeir horfðu þá frekar á það frá sjónarhóli sál-

<sup>14</sup> Hér gildir einu þótt nú sé meira í tísku (t.d. innan svokallaðrar bestunarkenningar eða *optimality theory*) að lýsa hljóðafari tungumála með því að gera ráð fyrir tilteknum **hömlum** (e. *constraints*) og minni áhersla sé lögð á að setja fram **reglur** á borð við (4) sem leiða eitt form af öðru (sjá lauslega lýsingu á bestunarkenningunni hjá Kristjáni Árnasyni, *Hljóð*, Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði, Íslensk tunga I, aðalhöfundur Kristján Árnason, meðhöfundur Jörgen Pind, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 96–98).

<sup>15</sup> Roman Jakobson, *Kindersprache, Aphasie und allgemeine Lautgesetze*, Uppsölum, 1941.

fræðinnar. Annars átti barnamál ekkert sérstaklega upp á pallborðið hjá formgerðarstefnumönnum af því að þeir horfðu á málið utan frá, ef svo má segja, voru að skoða hljóðkerfið sem sjálfstætt kerfi og hljóðkerfi barna var fyrir þeim bara ófullkomið kerfi sem gæti að vísu verið skemmtilegt athugunarefni í sjálfu sér. En það var ekki sérstakt áhugamál formgerðarstefnumanna að skoða hvernig börn ná valdi á hljóðkerfinu og þaðan af síður hvernig þau ná tökum á setningagerðinni eða hvort það ferli getur varpað einhverju ljósi á eðli málkunnáttunnar hjá fullorðnu fólki, enda var málkunnáttan sem slík ekki í brennidepli hjá formgerðarstefnumönnum.

Þetta gjörbreyttist með tilkomu málkunnáttufræðinnar. Chomsky hefur m.a.s. oft sagt að það sé eitt meginverkefni málvísindamanna að reyna að skýra hvernig á því stendur að börn ná í aðalatriðum valdi á því flókna kerfi sem mannlegt mál er á aldrinum 2–4 ára, aldurs skeiði þegar þau virðast ekki hafa ekki nægilega vitsmuni til að gera mikið annað en það og að ýmsu leyti minni vitsmunabroska en simpansar til dæmis, s.s. þegar að því kemur að leysa ýmsar þrautir. Þetta gera þau þótt þau fái alls konar misvísandi upplýsingar um tungumálið í því „sem er fyrir þeim haft“, eins og það er stundum orðað, svo sem óheilar setningar, mismæli af ýmsu tagi o.s.frv. Af því að málkunnáttan og eðli hennar er viðfangsefni þeirrar málfræði sem mótast af hugmyndum Chomskys, fá rannsóknir á barnamáli og máltöku allt annað og meira vægi þar en áður. Þá er ekki bara verið að nýta aðferðir málvísindanna til að gera grein fyrir máltökunni og einkennum barnamáls heldur er líka litið á máltökuna og barnamálið sem vitnisburð um málkunnáttuna. Barnamálið er þannig ekki bara vitnisburður um sjálf sig, einhvers konar ófullkomið mál sem getur verið gaman að skoða sem fyndið fyrirbæri í sjálfu sér, heldur beinn vitnisburður um eðli málkunnáttunnar og hvað felst í því að tileinka sér hana. Þetta er meginástæðan fyrir þeirri sprengingu sem hefur orðið í barnamálsrannsóknum á síðustu 30–40 árum eða svo, líka hér á landi.<sup>16</sup> Um leið hafa menn áttað sig á því að „mistök“ í máltökunni eru líkleg undirrót málbreytinga af ýmsu tagi, eins og nánar verður vikið að síðar, og þar með ýmiss konar tilbrigða sem geta lifað hlið við hlið um lengri eða skemmri tíma.

<sup>16</sup> Sjá t.d. bókarkafla Sigríðar Sigurjónsdóttur, „Máltaka og setningafræði“ í bókinni *Setningar*, Handbók um setningafræði, Íslensk tunga III, ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 636–655.



*Ábrif á rannsóknir á máltapi eða málstoli og gildi þeirra*

Það sem nú var sagt um rannsóknir á barnamáli og máltöku á líka við um rannsóknir á málstoli eða afasíu, að breyttu breytanda. Jakobson var á sínum tíma (1941) fyrst og fremst að athuga örlög mismunandi máhljóða og ekki að skoða setningagerð hjá málstolssjúklingum, enda var hann meiri áhugamaður um hljóðkerfi en setningagerð, eins og aðrir formgerðarstefnumenn. Áhugi á málstoli er auðvitað miklu eldri, en upphaflega voru það þó læknar, sálfræðingar og aðrir slíkir sem voru að kanna það, m.a. til þess að átta sig á því hvernig einstakir hlutar heilans skiptu með sér verkum — t.d. hvar málsvæðin væru.<sup>17</sup>

En þetta hefur líka breyst á undanförunum áratugum. Nú hafa ýmsir málfræðingar áhuga á því hvaða áhrif málstol og málfræðistol (e. *agrammatism*) hefur t.d. á setningagerð þeirra sem fyrir því verða og hvort þau áhrif geta sagt okkur eitthvað um eðli málkunnáttunnar, og þá eðli setningafræðikunnáttunnar sérstaklega. Menn eru þá ekki bara að skoða þessa þætti sem áhugaverð fyrirbæri í sjálfu sér, t.d. frá læknisfræðilegu eða sálfræðilegu sjónarmiði eða sjónarmiði talmeinafræðinnar, heldur beinlínis að rannsaka hvað þau geti sagt okkur um eðli málkunnáttunnar, t.d. það hvernig réttast sé að lýsa setningagerð.<sup>18</sup> Ástæðan er sú að menn líta á málfræðina almennt, og þar með talda setningafræðina, sem lýsingu á málkunnáttunni og þess vegna getur allt sem varðar málkunnáttuna, m.a.s. það hvernig við missum tök á henni, haft málfræðilegt gildi og varpað ljósi á málið.

*Ábrif á rannsóknir á málbreytingum*

Loks má nefna að margir málfræðingar líta svo á að rannsóknir á máltöku barna geti varpað ljósi á eðli málbreytinga því að margar málbreytingar, eða flestar, og sumir segja jafnvel allar, eigi rót sína að rekja til þess að ný kynslóð komi sér ekki upp sömu málkunnáttu (eða málfræði) og kynslóðin á undan. Meðal frumkvöðla í þessari tegund málfræði má nefna David Lightfoot.<sup>19</sup> Þeir sem rannsaka máltöku sjá til dæmis oft að eitt af því sem

<sup>17</sup> Sjá t.d. umræðu hjá Sigríði Magnúsdóttur og Höskuldi Þráinssyni, „Málstol og málfræðistol. Um heilastöðvar, máltruflanir og málfræði,“ *Íslenskt mál* 10–11, 1990, bls. 85–124.

<sup>18</sup> Sjá t.d. yfirlitskafla Sigríðar Magnúsdóttur, „Málstol, málfræðistol og setningafræði“ í bókinni *Setningar*, Handbók um setningafræði, Íslensk tunga III, ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 656–670.

<sup>19</sup> Sjá t.d. David Lightfoot, *How New Languages Emerge*, Cambridge:

börn gera á máltökuskeiði er að alhæfa tilteknar reglur um of. Þetta kemur m.a. fram í beygingu sagna. Á tilteknu skeiði átta börnin sig á því að þátíð sagna endar oft á *-aði*, sbr. *tala – talaði, baka – bakaði* o.s.frv., og þá fara þau að skeyta þessari reglubundnu endingu á ýmsar sagnir þar sem það á ekki við. Þá geta þau til dæmis sagt *hlaupaði, gangaði* í stað óreglulegu myndanna *hljóp* og *gekk*. Þetta þekkja sjálfsagt flestir sem hafa fylgst með börnum á máltökuskeiði.

Nú er það reyndar svo að sumt af því sem menn hafa gert ráð fyrir í umræðu um málbreytingar um áratugi, jafnvel aldir, hlýtur reyndar að vera af sama toga og sú alhæfing sem nú var síðast tekið dæmi um, þótt því sé sjaldnast lýst á þann hátt. Þar á ég við ýmsar svokallaðar **áhrifsbreytingar**. Menn segja til dæmis oft að beyging eins orðs breytist fyrir áhrif frá beygingu annars og þessu er þá stundum lýst með því að setja upp nokkurs konar þríliðu sem gæti t.d. litið út á þessa leið:

(5)	nh.	<i>tala</i>	þt.	<i>talaði</i>
	nh.	<i>hjálpa</i>	þt.	X
		X = <i>hjálpaði</i>		

Dæmið í (5) lýsir reyndar raunverulegri breytingu á beygingu sagnarinnar *hjálpa* í aldanna rás. Hún mun hafa beygst sterkt í árdaga, eins og hún gerir til dæmis enn í þýsku (*helfen*, þt. **half**, lh. *geholfen* – og reyndar má finna vísbendingu um þá beygingu í lýsingarorðinu *hólpinn* sem mun vera leitt af þessari sögn). Nú beygist hún hins vegar veikt og það er oft sagt að sú breyting sé „áhrifsbreyting“ og áhrifavaldurinn sé þá hinar fjölmörgu og algengu veiku sagnir eins og *tala*. Þessu lýsa menn þá kannski með þríliðuskema á borð við (5). En hvað getur (5) merkt? Getur það merkt nokkuð annað en það að sú þekkta alhæfing barna á máltökuskeiði á hinni algengu reglulegu þátíð sagna eins og *tala* hafi náð til sagnarinnar *hjálpa* í máli einhverra, og síðan hafi börnin látið hjá líða að leiðrétta þetta á þann hátt sem þau leiðrétta yfirleitt beygingu sagna eins og *hlaupa* og *ganga*? Ekki gerist þessi áhrifsbreyting í málinu án tilverknaðar málnotenda, eða hvað? Og er ekki líklegra að alhæfingar af þessu tagi verði á máltökuskeiði frekar en að fullorðnir sem hafa beygt sögnina *hjálpa* sterkt

---

Cambridge University Press, 2006, og rit sem þar er vísað til. Sjá líka viðtal Hallgríms Helga Helgasonar, „Erfðalyklar tungumálsins. Viðtal við David Lightfoot,“ *Morgunblaðið* 9. september, 2007.

í áratugi fari allt í einu að beygja hana veikt? Og ef áhrifsbreytingar eru dæmigert „barnamálsfyrirbæri“, ef svo má segja, er þá ekki líklegt að við öðlumst betri skilning á áhrifsbreytingum með því að skoða barnamál og rannsaka hvernig börn ná valdi á málkunnáttunni og hvað getur haft áhrif á það ferli? Gæti þá ekki m.a.s. verið vænlegt til aukins skilnings á áhrifsbreytingum að reyna að endurmeta frá sjónarmiði málkunnáttufræðinnar ýmsar hugmyndir sem hafa verið settar fram um þær í árána rás, t.d. af þekktum málfræðingum eins og Kuryłowicz og Mańczak?<sup>20</sup> Hvernig horfir málið við frá sjónarhóli þess sem er að tileinka sér það? Hvað gætu þessi lögmál merkt eða tjáð ef við hugsum um þau frá því sjónarmiði? Lýsa þau bara tölfræðilegum líkindum eða segja þau okkur eitthvað um eðli máltökunnar og þar með eðli málkunnáttunnar og málsins?

Þær spurningar sem varpað var fram hér á undan eiga að vekja athygli á því að sumt af því sem við erum vön að segja í umræðum um málbreytingar fær í raun og veru nýja merkingu ef við hugsum um málbreytingar sem breytingu á kunnáttu þeirra sem tala málið. Það hljóta allir að vera sammála um að mál breytist ekki nema fyrir tilverknað málnotendanna í einhverjum skilningi. Mál sem enginn notar breytist ekki neitt. Ef ný kynslóð beygir sögnina *hjálpa* veikt en eldri kynslóð beygði hana sterkt, þá er málkunnáttu nýju kynslóðarinnar ekki sú sama og þeirrar eldri og það getur verið vænlegt til árangurs að velta því fyrir sér í ljósi málkunnáttufræðinnar hvernig slíkt getur skeð og hvers vegna. Ýmislegt annað sem málfræðingar eiga til að segja um málbreytingar er aftur á móti þess eðlis að það getur ekki haft neina merkingu ef við horfum fyrst og fremst á málið frá sjónarmiði málkunnáttunnar. Það er t.d. ekki málkunnáttufræðileg lýsing á þeirri breytingu sem lýst var hér á undan að segja að það hafi verið „tilhneiging í málinu“ til að beygja sterkar sagnir veikt. Og það er ekki heldur málkunnáttufræðileg lýsing að segja að það hafi á einhverju stigi verið „tilhneiging í sérhljóðakerfinu“ til þess að tiltekin sérhljóð féllu saman eða tiltekin sérhljóð sigu. Slíkt gerist ekki einhvern veginn í kerfinu fyrir utan og ofan málnotendurna eða án tilverknaðar þeirra. Það hefur væntanlega verið þetta sem Helgi Guðmundsson var í raun að hugsa þegar hann vakti athygli okkar íslenskunema á því í kennslu fyrir einhverjum áratugum hvað það væri fráleitt að hugsa sér að Íslendingar hafi vaknað einn góðan veðurdag við það að það voru „signir í þeim vókalarnir,

<sup>20</sup> Sjá t.d. Jerzy Kuryłowicz, „La nature des proces dits “analogiques”,“ *Acta Linguistica* 5, 1945–49, bls. 15–37, og Witold Mańczak, „Tendances générales des changements analogiques,” *Lingua* 7, 1958, bls. 298–325 og 387–420.

ha?“ eins og hann orðaði það. Það er þó hætt við að hann vilji ekki láta bendla sig við málkunnáttufræði.

### *Dæmi um lítt snortin og ósnortin rannsóknasvið*

Hér á undan hafa verið tekin nokkur dæmi til að skýra hvað felst í raun í málfræðibyltingu Chomskys og hvaða afleiðingar það hefur fyrir ólíkar greinar málfræðinnar að líta svo á að málfræðin sé fyrst og fremst lýsing á málkunnáttunni og málkerfið sé eitthvað sem býr innra með málnotendum en lifir ekki sjálfstæðu lífi utan þeirra. En þótt þessi afstaða hafi haft mikil áhrif á ýmis svið málfræðinnar, og hljóti óhjákvæmilega að hafa það, fer því þó fjarri að allt sem málfræðingar fást við hafi orðið fyrir áhrifum frá þessum hugmyndum eða geti orðið það. Þetta verður nú skýrt með dæmum.

### *Orðfræði og orðabókarfræði*

Ég kannast ekki við nein sérstök áhrif málkunnáttufræðinnar á orðfræði og orðabókarfræði. Þetta er líka eðlilegt ef við hugleiðum málið aðeins. Þeir sem eru að skoða orðaforðann og finna leiðir til að búa til gagnlegar orðabækur eru í raun að fást við eitthvað sem er í raun „fyrir utan“ málnotandann — þeir eru að fást við **ytra mál** í þeim skilningi sem lýst var hér áður. Það er auðvelt — og reyndar nauðsynlegt — að hugsa um orðaforðann sem eitthvað sem „er til“ óháð einstökum málnotendum og fyrir utan þá, ef svo má segja, og það má skoða þetta fyrirbæri, athuga innbyrðis tengsl orðanna, merkingarvensl o.s.frv. án þess að vera nokkuð að hugleiða það frá sjónarmiði málkunnáttufræðinnar. Orðfræðingar og orðabókarfræðingar geta því látið hugmyndir Chomskys að mestu sem vind um eyru þjóta, enda býst ég við að þeir geri það yfirleitt.

### *Málsaga*

Þótt margir líti svo á að málbreytingar verði oft best skildar og skýrðar með því að hafa málnotandann í huga og hugsa um þær sem breytingar á málkunnáttu, eins og áður var rakið, þá má vel „hlaupa yfir“ spurningar um það **hvernig** eða **af hverju** tilteknar málbreytingar hafa orðið þegar ólík málstig eru borin saman og láta sér nægja að lýsa því hvað það var sem breyttist. Þetta gera menn líka oft. Menn geta m.a.s. nýtt sér svipaðan framsetningarmáta við að lýsa muninum á ólíkum málstigum og þann sem stundum er notaður til að gera grein fyrir málkunnáttunni á sviði hljóðkerfisfræðinnar til dæmis. Lítum á (6) í þessu ljósi:

(6) a → ø — C<sub>0</sub>u

Framsetning af þessu tagi er einfaldari í eðli sínu en ókunnugum kann að virðast í fyrstu. Úr henni má lesa svo: Sérhljóðið /a/ breyttist í sérhljóðið /ø/ á undan atkvæði sem innihélt sérhljóðið /u/ (og það skipti ekki máli hversu mörg samhljóð fóru á undan því atkvæði). Ef við túlkum þetta svona erum við bara að segja að í orðum þar sem einu sinni var /a/ á undan atkvæði sem innihélt /u/ hafi síðar komið fram /ø/. Við þurfum ekkert að líta á þetta sem lýsingu á einhverjum hluta málkunnáttunnar — við getum bara skoðað þetta sem formlega framsetningu á þeirri hljóðbreytingu sem jafnan er kölluð *u*-hljóðvarp (eða sem lýsingu á hluta þeirrar hljóðbreytingar). Þá værum við bara að bera saman tvö málstig, segja sögu málsins, rekja málsögu, ef svo má segja.<sup>21</sup> Þetta geta menn gert, og gera stundum, þótt þeir líti ekki endilega svo á að eitthvað í líkingu við (6) hafi verið hluti af málkunnáttu Íslendinga á einhverju skeiði og þaðan af síður að samsvarandi regla sé það enn. Þeir vilja kannski ekkert vera að hugsa um málkunnáttu yfirleitt heldur bara bera saman mismunandi málstig. Þá eru þeir að horfa á málið **utan frá**, í þeim skilningi sem áður var lýst, og bregða jafnvel stundum fyrir sig líkingamáli sem bendir til þess að þeir hugsi ekki bara um málið sem „kerfi“ heldur jafnvel einhvers konar lífveru, jafnvel lífveru með sjálfstæðan vilja. Þeir segja þá að málið breytist svona og svona „til einföldunar“ eða „til þess að“ koma í veg fyrir samfall eða tvíræðni. Menn tala líka um að málið, eða einstakir hlutar þess, hrörni og veiklist, eða þá eflist og dafni o.s.frv. Þetta er auðvitað orðalag sem er algjörlega ósamrýmanlegt málkunnáttufræðisjónarmiðum eða þeirri hugmynd að málið búi innra með málnotandanum og málfræði hljóti að vera lýsing á því. Það er af því að hér er að nokkru leyti verið að skoða aðra hluti og frá öðrum sjónarhóli. Menn velja sér auðvitað sinn sjónarhól og þá er eðlilegt að útsýnið verði mismunandi.

#### *Málfélagsfræði – félagsmálfræði*

Margir kannast kannski við það að ýmsir málfélagsfræðingar eða félagsmálfræðingar halda hugmyndum Chomskys lítið á lofti. Í mörgum tilvikum er það reyndar vegna þess að þeir hafa í raun mestan áhuga á því hvað tilbrigði í málnotkun geta sagt okkur um samfélagið, hvernig sam-

<sup>21</sup> Sjá umræðu um nauðsynlega aðgreiningu málbreytinga og málsögu hjá Margréti Guðmundsdóttur, *Rannsóknir málbreytinga: Markmið og leiðir*. Reykjavík: M.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, 2000, og „Málbreytingar í ljósi málkunnáttufræði“, *Íslenskt mál* 30, 2009, bls. 7–52.

skipti ólíkra stétta eru, hverjir eru ráðandi, hvernig menn samsama sig tilteknum hópum o.s.frv. Þetta er því í raun kannski meiri félagsfræði en málfræði, enda leggur mjög breiður hópur fræðimanna stund á rannsóknir á sambandi máls og samfélags, þ.á m. félagsfræðingar og mannfræðingar sem hafa einkum áhuga á því hvaða ljósi málnotkun getur varpað á gerð samfélagsins, stöðu og samskipti fólks innan þess o.s.frv.

Svipað er reyndar að segja um það þegar menn velta því fyrir sér eftir hvaða leiðum ákveðnar málbreytingar eða tilbrigði í máli breiðast út, hvað sigrar og hvers vegna. Þá eru menn oft frekar að velta fyrir sér félagslegum þáttum en málfræðilegum, svo sem því hvað þyki fínt og af hverju, hvað sé stimplað ófínt, hvers konar félagslegur þrýstingur komi upp og hvers vegna. Málkunnáttufræðin sem slík hefur ekkert um þetta að segja í sjálfu sér og þess vegna finnst mörgum málfélagsfræðingum eða félagsmálfræðingum að hún sé ekki mikils virði.

Hins vegar eru sumir mállýskufræðingar eða máltilbrigðafræðingar þeirrar skoðunar að útbreiðsla einnar mállýsku eða eins tilbrigðis á kostnað annars ráðist ekki bara af félagslegum aðstæðum heldur geti hreinir málfræðilegir þættir líka haft áhrif á það. Það má t.d. færa rök að því að miklu auðveldara sé fyrir þann sem hefur *hv*-framburð að taka upp *kv*-framburð en öfugt.<sup>22</sup> Ástæðan er sú að þeir sem taka upp *hv*-framburð og hafa ekki haft hann áður þurfa að taka upp nýja aðgreiningu sem þeir hafa ekki áður haft, nefnilega að greina á milli *hv*-orða og *kv*-orða í framburði (t.d. *hver* og *kver*; *hvalir* og *kvalir*; *hviða* og *kvíða* o.s.frv.). Þeir sem taka upp *kv*-framburð og hafa áður haft *hv*-framburð þurfa bara að breyta öllum sínum *hv*-orðum í *kv*-orð í framburði. Það er einfalt mál og getur verið ein ástæðan fyrir því að *hv*-framburður er á hröðu undanhaldi. Athugun á því hvernig *hv*-framburði annars vegar og skaftfellskum einhljóðaframburði hins vegar reiðir af heima í héraði og meðal brottfluttra Skaftfellinga sýnir líka að hrein málfræðileg einkenni geta þar skipt meginmáli og slíkt verður reyndar býsna auðskiljanlegt og auðskýranlegt frá sjónarhóli málkunnáttufræðinnar.<sup>23</sup> Það bendir til þess að mállýskufræðingar geti haft gagn af því að horfa á málið frá sjónarmiði málkunnáttufræðinnar þótt hin félagslega vídd sé ekki hluti af því sjónarhorni í sjálfu sér.

<sup>22</sup> Sjá t.d. umræðu hjá Kristjáni Árnasyni og Höskuldi Þráinssyni, „Fonologiske dialekttræk på Island. Generationer og geografiske områder,“ *Nordisk dialektologi*, ristj. Gunnstein Akselberg, Anne Marit Bødal og Helge Sandøy, Oslo: Novus, 2003, bls. 151–196.

<sup>23</sup> Sjá umræðu hjá Margræti Guðmundsdóttur, *Rannsóknir*, og „Málbreytingar.“

*Stílfærði, skáldamál og bragfærði*

Loks má benda á að athuganir á stílfærði, einkennum skáldamáls og brag-arháttu eru oft næsta óháðar hugmyndum málkunnáttufærðinnar og það er eðlilegt. Í stílfærði er verið að skoða listræna notkun tungumálsins og þótt slík notkun sé eitthvað sem er hægt að tileinka sér eða læra að einhverju marki er slíkur lærdómur þó annars eðlis en sú máltaka sem fer fram á máltökuskeiði og sú kunnáttu annars konar en sú sem verður til við máltöku.<sup>24</sup> Athuganir á ólíkum stílgerðum og á einkennum skáldamáls eru nokkuð augljóslega athuganir á **ytra máli**, rannsóknir á því sem kemur fyrir í textum, hvernig málinu er beitt til að ná fram tilteknum áhrifum o.s.frv. Svipað má segja um rannsóknir á bragfærði, svo sem samspili brag-arháttu og atkvæða, áherslu, tónfalls o.s.frv. Þar er oftast verið að skoða málið utan frá, horfa á tiltekið safn dæma, flokka þau og lýsa þeim. Í því sambandi skiptir ekki máli þótt í slíkri lýsingu þurfi oft að grípa til málfærðilegra hugtaka, jafnvel hugtaka sem hafa orðið til í glímu málkunnáttufærðinga við málfærðileg viðfangsefni. Sjónarhornið þarf ekki að vera málkunnáttufærðilegt fyrir því.

Hér má þó líka hugsa sér ákveðinn snertiflöt við málkunnáttuna. Við getum t.d. notfært okkur bragfærðina til þess að reyna að átta okkur betur á ýmsum einkennum þess hljóðkerfis sem er hluti af málkunnáttu okkar. Við getum t.d. skoðað stuðla og höfuðstafi til þess að færa rök að tiltekinni greiningu á íslensku hljóðkerfi og þá þurfum við ekki endilega að styðjast við „raunveruleg dæmi“ eingöngu heldur getum við notað „tilbúin dæmi“ og metið þau sjálf.<sup>25</sup> Eins getum við notfært okkur bragfærðileg dæmi til að færa rök fyrir tilteknum áherslumynstrum í íslensku — og þá búið

<sup>24</sup> Hér eru mörkin þó kannski ekki alveg skörp, vegna þess að þær málfyrirmyndir sem menn hafa í umhverfi sínu hafa auðvitað áhrif á ómeðvitaða málnotkun þeirra í ræðu og riti og þar með á það sem kalla má persónulegan stíl. Áhrif mikils bóklestrar á máltilfinningu barna og unglínga eru t.d. alveg ótvíræð, eins og margir kennarar geta borið vitni um og jafnvel vísað til rannsókna um það efni. En þetta breytir ekki því að stílfærði er einkum athugun á því hvernig menn beita málinu meðvitað og af lærdómi eða markvissri þjálfun til að ná tilteknum áhrifum. Málþjálfun í skólum beinist líka einkum að slíkum atriðum þótt móðurmálskennarar geri stundum lítinn greinarmun á þeirri málkunnáttu sem börn tileinka sér á máltökuskeiði og þeirri færni í málbeitingu sem hægt er að ná með þjálfun sem á að vera hluti af móðurmálskennslunni. Umræða um það er hins vegar efni í aðra grein.

<sup>25</sup> Sjá t.d. Höskuld Þráinsson, „Stuðlar, höfuðstafir, hljóðkerfi,“ *Afmæliskveðja til Halldórs Halldórssonar* 13. júlí 1981, Reykjavík: Íslenska málfærðifélagið, 1981, bls. 110–123.

til viðbótardæmi og metið þau til að styðja mál okkar.<sup>26</sup> En röksemdir af þessu tagi byggjast náttúrulega á því að menn telji bragfræðileg lögmál hvíla á málfræðilegum lögmálum, þ.e. á málkunnáttu þeirra sem semja ljóðin á hverjum tíma, og ekki vera bara einhverjar venjur sem menn hafa búið sér til óháð málkunnáttunni, ef svo má segja. Ef það væri þannig væri ekki hægt að nota kveðskap sem málheimildir á þann hátt sem alsíða er. Og það er þess vegna sem málfræðingar telja sig geta dregið þá ályktun af (8) að Davíð Stefánsson hafi haft *kv*-framburð og það er líka þess vegna sem dæmi (9) segir ekkert um það hvort Sigurður Breiðfjörð hafi haft *hv*-framburð eða *kv*-framburð af því að það stuðlar á hvorn veginn sem er (stuðlar og höfuðstafir feitletraðir hér):

(8) Þú komst í hlaðið á hvítum hesti,  
þú komst með vor í augum þér.

(9) a. Sólin klár á hveli heiða  
hvarma gljár við baugunum.  
b. Sólin klár á hveli heiða  
hvarma gljár við baugunum.

Önnur dæmi frá Sigurði Breiðfjörð benda hins vegar til þess að hann hafi haft *hv*-framburð, ef ég man rétt, þ.e. að stuðlunin í (9b) hafi verið í samræmi við málkunnáttu hans. Þá stuðla finn ég hins vegar ekki, þótt ég viti að þeir séu þarna, en stuðlun Davíðs í (8) liggur í augum (og eyrum) uppi fyrir mér.

### *Tilbrigði í máli og málfræðibugmyndir*

Hér framar hefur verið rætt um málfræðibyltingu Chomskys og þau áhrif sem hún hefur haft á ýmsar undirgreinar málfræðinnar og viðfangsefni málfræðinga. Í þessum kafla verður sýnt að sá greinarmunur sem Chomsky og aðrir málkunnáttufræðingar gera á svokölluðu **innra máli** og **ytra máli** er gagnlegur þegar litið er á tilbrigði í máli. Þá getur verið þægilegt að flokka tilbrigði (e. *variation*) eins og hér er sýnt:

<sup>26</sup> Sjá t.d. Kristján Árnason, „Áhersla og hrynjandi í íslenskum orðum,“ *Íslenskt mál* 5, 1983, bls. 53–80. Þótt Kristján Árnason hafi beitt þessari aðferð, efast ég um að hann vilji láta kalla sig málkunnáttufræðing. Það gæti þó stafað af misskilningi hjá honum — hann er kannski málkunnáttufræðingur undir niðri þótt hann vilji ekki viðurkenna það.



- (10) a. Tungumál geta verið verulega ólík hvert öðru.  
 b. Náskyld tungumál, mállýskur og einstaklingsbundin afbrigði sama máls (e. *idiolects*) geta verið ólík að einhverju marki.  
 c. Sami maður getur getur brugðið fyrir sig ólíkum tilbrigðum eigin máls.

Með (10a) er ekki síst átt við breytileika sem skiptir tungumálum í ólíka flokka eða gerðir og slík fyrirbæri eru þá viðfangsefni þeirra sem fást við svokallaða **málgerðafræði** (e. *typology*). Breytileiki af gerð (10b) og (10c) hefur þá fremur verið viðfangsefni mállýskufræðinga eða félagsmálfræðinga.<sup>27</sup>

Eins og áður var lýst horfa málfélagsfræðingar oftast á málið utan frá, þ.e. þeir hafa áhuga á málinu sem félagslegu fyrirbæri. Meginviðfangsefni þeirra er samspil mállegra og félagslegra fyrirbæra og tilbrigði eru þeirra ær og kýr. Chomsky hefur hins vegar lengst af haft heldur lítinn áhuga á tilbrigðum eða breytileika. Í kenningasmíð sinni hefur hann löngum lagt áherslu á nauðsyn þess að miða við hinn svokallaða „fyrirmyndarmálnotanda“ (e. *the ideal speaker/listener*) eins og fram kemur í eftirfarandi tilvitnun:<sup>28</sup>

Linguistic theory is concerned primarily with an ideal speaker-listener, in a completely homogeneous speech-community, who knows its language perfectly and is unaffected by such grammatically irrelevant conditions as memory limitations, distractions, shifts of attention and interest, and errors (random or characteristic) in applying his knowledge of the language in actual performance.

Samkvæmt þessu á kenningasmíð í málvísindum að miða við málkunnáttu þess sem kann málið til hlítar og býr í einsleitu málsamfélagi og hún á að horfa framhjá hvers konar tilbrigðum og afbrigðum.

Með tímanum hefur afstaða málkunnáttufræðinga til tilbrigða hins vegar breyst talsvert eins og nú verður lýst. Í þeirri lýsingu er gagnlegt að flokka tilbrigðin líkt og gert var í (10) hér á undan.

<sup>27</sup> Sjá t.d. umræðu hjá Ástu Svavarsdóttur og Þóru Björk Hjartardóttur, „Breytileiki í máli,“ *Erindi um íslenskt mál*, Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið, 1996, bls. 95–109.

<sup>28</sup> Noam Chomsky, *Aspects of the Theory of Syntax*. Cambridge, Mass: MIT Press, 1965, bls. 3.

*Stórtilbrigði*

Þótt það sem segir í (10a) um mun milli tungumála virðist liggja í augum uppi má þá finna býsna andstæðar skoðanir meðal málfræðinga um það atriði. Þegar formgerðarsinnar fóru að skoða amerísk indíánamál ráku þeir augun í margt sem virtist verulega frábrugðið því sem þeir þekktu úr vestrænum málum til dæmis. Það var því kannski eðlilegt að þeir kæmst á þá skoðun sem bandaríski málfræðingurinn Martin Joos lýsti svo í frægum ummælum í inngangi að greinasafni um málfræði sem hann ritstýrði.<sup>29</sup>

(11)... languages (can) differ without limit and in unpredictable ways

Nánari athugun hefur þó leitt í ljós að þetta er ekki rétt. Bandaríski málfræðingurinn Joseph Greenberg verður að teljast meðal brautryðjenda í að sýna fram á það, en hann safnaði á sínum tíma miklum upplýsingum um breytileika í tungumálum. Hann hafði einkum áhuga á því að skoða hvers konar tilbrigði færu saman og birti niðurstöður sínar um það í frægri grein.<sup>30</sup> Að þeirrar tíðar hætti horfði hann á málið utan frá og var fyrst og fremst að leita að tölfræðilegum líkindum fyrir því hvaða einkenni fylgduust að. Í greininni telur hann upp 45 algildi og flest þeirra varða orðaröð. Hann bendir t.d. á að í sumum málum fara sagnir jafnan á eftir andlaginu sem þær taka með sér og í slíkum málum er líka algengast að smáorð sem stýra falli fari á eftir fallþeganum en ekki á undan honum (þ.e. að í þeim málum séu eftirsetningar en ekki forsetningar, sbr. algildi nr. 4, bls. 79 og 110). Sams konar samband er á milli afstöðu sagnar og andlags annars vegar og afstöðu aðalsagnar og hjálparsagnar hins vegar: Ef áhrifssögn fer á eftir andlagi sínu fer hjálparsögn líka á eftir aðalsögn (sbr. algildi nr. 16, bls. 85 og 111). Greenberg reyndi ekki að setja fram neinar skýringar á þeim tengslum sem hann fann en kallaði þau **algildi** (e. *universals*), þótt hann gerði sér reyndar grein fyrir því að ýmsar undantekningar væru frá þeim.

Upp úr 1980 fóru málkunnáttufræðingar að fá áhuga á venslum af þessu tagi, þ.e. á því hvaða fyrirbæri í máli væru tengd saman. Hugsunarháttur þeirra er oftast kenndur við **lögmál og færribreytur** (e. *principles and*

<sup>29</sup> Martin Joos (ritstj.), *Readings in Linguistics I: The Development of Descriptive Linguistics in America 1925–1956*, Chicago: University of Chicago Press, 1957.

<sup>30</sup> Joseph H. Greenberg, „Some Universals of Grammar with Particular Reference to the Order of Meaningful Elements,“ *Universals of Language*, 2. útg., ritstj. Joseph H. Greenberg, Cambridge, Mass: MIT Press, 1963, bls. 73–113.

*parameters*).<sup>31</sup> Samkvæmt þeim hugsunarhætti lúta öll mannleg mál tilteknum lögmálum en sá breytileiki sem finna má þegar ólík mál eru borin saman stafar oft af því að þar er um ólík gildi að ræða fyrir ákveðnar færirbreytur sem svo eru nefndar. Eitt af þeim almennu lögmálum sem eiga að gilda um öll mannleg mál væri þá það t.d. að setningarliðir eru almennt þannig gerðir í öllum tungumálum heimsins að í þeim er eitt aðalorð eða höfuð (e. *head*) og með höfðinu getur staðið svonefndur fylliliður (e. *complement*). Það sem er breytilegt frá einu máli til annars (eða einum hópi tungumála til annars) er þá það hvort höfuðið fer á undan fylliliðnum eða eftir. Í fyrra tilvikinu höfum við tungumál þar sem forsetningar fara á undan þeim orðum sem þær stýra falli á eða taka með sér, sagnir á undan andlagi sínu, aukatengingar á undan aukasetningum o.s.frv. en í því síðara er þessu öfugt farið, þ.e. þar eru eftirsetningar en ekki forsetningar, sagnir standa á eftir andlagi sínu, aukatengingar fara á eftir aukasetningum en ekki undan þeim. Íslenska er þá dæmi um mál af fyrri gerðinni en japanska og tyrkneska af þeirri síðari.

Munurinn á nálgun málkunnáttufræðinga og Greenbergs er einkum sá að Greenberg var ekki að leita að skýringum á því hvaða atriði fylgduust að í málum heimsins. Málkunnáttufræðingar reyna aftur á móti að finna skýringar á slíkum tengslum, tengja þau við eðli málkunnáttunnar og það hvernig börn öðlast hana. Samkvæmt kenningum þeirra „vita“ börn frá upphafi að setningar skiptast í setningarliði og hver setningarliður hefur ákveðið höfuð eða aðalorð. Það er almennt lögmál sem gildir um öll mannleg mál, hluti af allsherjarmálfræðinni (e. *universal grammar*) sem er öllum mönnum **meðfædd** (e. *innate*), eins og það er stundum orðað, en það merkir í raun ekkert annað en það að mannskepnunni er eiginlegt að tileinka sér mál eða kerfi af tiltekinni gerð, þ.e. kerfi sem lúta hinum almennu lögmálum um mannleg mál, en önnur ekki.<sup>32</sup> Þau þurfa hins

<sup>31</sup> Sjá t.d. Noam Chomsky, *Lectures on Government and Binding*, Dordrecht: Foris, 1981.

<sup>32</sup> Það er auðvitað einfalt að hugsa sér táknerfi og „tungumál“ sem eru annarrar gerðar en mannleg mál, þ.e. lúta ekki þeim almennu lögmálum sem mannleg mál lúta. Samkvæmt því sem áður sagði væru það til dæmis mál þar sem setningar skiptast ekki í setningarliði sem innihalda tiltekið aðalorð, eða þá mál þar sem setningafræðilegar reglur vísa í orð með tilteknu númeri innan setningar í stað þess að vísa í formgerð (og vera þannig *structure dependent* eins og það er kallað). Það er t.d. auðvelt að „kenna“ tölvum slík mál. Málfræðingarnir Neil Smith og Ianthi Tsimpli gerðu forvitnilega tilraun sem varðar þetta atriði (sjá Neil V. Smith og Ianthi-Maria Tsimpli, *The Mind of a Savant: Language-Learning and Modularity*, Oxford: Blackwell, 1995, og líka „Linguistic Modularity: A Case of a Savant

vegar að finna út hvort málið sem þau heyra í kringum sig á máltökuskeiði inniheldur setningarliði þar sem höfuðið fer á undan fylliliðnum eða á eftir. Það er breytilegt eftir tungumálum, svokölluð færíbreyta í þeim skilningi sem áður var lýst, oft kölluð **höfuðfæríbreytan** (e. *head parameter*). En um leið og þau hafa t.d. áttað sig á því að málið inniheldur eftirsetningar en ekki forsetningar þá eru þau um leið búin að læra gildið á þessari tilteknu færíbreytu í sínu máli og hafa þá jafnframt lært að sögnin hlýtur að fara á eftir andlagi sínu, aukatenging á eftir aukasetningu sinni o.s.frv. Þess vegna fara þessir hlutir saman í tungumálum heimsins.<sup>33</sup>

### *Smátílbrigði*

Á síðari árum og áratugum hafa málkunnáttufræðingar fengið aukinn áhuga á smærri tilbrigðum en þeim sem nú voru nefnd dæmi um, svo nefndum **smátílbrigðum** eða **örtilbrigðum** (e. *microvariation*). Þar er þá um að ræða breytileika milli náskyldra mála eða milli mállýskna eða afbrigða tiltekins tungumáls (sjá (10b)). Ástæðan er einkum sú að málkunnáttufræðingar líta svo á að með því að skoða þennan breytileika megi

Linguist,“ *Lingua* 84, 1991, bls. 315–351). Þau voru að rannsaka einstakling sem þau kölluðu Christopher. Hann virtist búa yfir einstæðum hæfileikum til að læra mál að einhverju marki, gat skilið og lesið meira en 20 tungumál, og jafnvel skrifað þau og þýtt (lauslega) úr þeim, auk þess sem hann þekkti allmörg fleiri, m.a. íslensku. Hann gat m.a. lært breskt táknmál en hann gat í raun fátt annað gert en tileinka sér tungumál og var svo vangefinn að hann var nánast ósjálfbjarga og bjó á stofnun. Hann var sem sé *idiot savant* eins og það mun vera kallað á útlensku og talinn hafa greindarvísitölu á bilinu 42–76. Smith og Tsimpli vildu kanna hvort þetta væri ofþroskuð en „eðlileg“ málhæfni hjá Christopher eða afbrigðileg sérgáfa til að læra táknkerfi af hvaða gerð sem er. Þau bjuggu þess vegna til tungumál sem átti að brjóta í bága við ýmis algild lögmál sem málkunnáttufræðingar hafa talið að gildi um öll mannleg mál. Síðan þjálfuðu þau Christopher í þessu tilbúna tungumáli og til samanburðar nokkurn hóp háskólanema. Í ljós kom að Christopher lærði þetta mál jafnaðveldlega og þau mannlegu mál sem hann hafði lært en háskólanemarnir gátu ekki lært þá þætti í tilbúna málinu sem áttu að vera í ósamræmi við ýmis algildi (í því voru t.d. reglur sem eru óháðar formgerð, þ.e. ekki *structure dependent*). Þetta töldu þau Smith og Tsimpli styðja kenninguna um að venjulegt fólk gæti bara tileinkað sér tungumál (þ.e. táknkerfi) sem lytu tilteknum algildum lögmálum en sérgáfa Christophers væri afbrigðileg og annars eðlis, t.d. skyld þeirri sérgáfu sem sumir einhverfir einstaklingar hafa á sviði reiknings eða talna (sbr. kvikmyndina *The Rainman*).

33 Nú er það reyndar svo að þessi vensl á milli stöðu sagnar miðað við andlag sitt, stöðu aukatenginga og forsetninga/eftirsetninga eru ekki alveg algild, eins og Greenberg benti á („Some Universals“). Samkvæmt málkunnáttufræðinni ætti það hins vegar að vera meginreglan og frávik frá því verður barn þá að læra sérstaklega á máltökuskeiði.

öðlast betri skilning á málkunnáttunni, hvernig hún verður til eða þróast, hvernig hún breytist, hvers konar tilbrigði fylgjast að o.s.frv., eins og áður var lýst.

Norrænir málfræðingar, einkum setningafræðingar, hafa á undanförunum árum fengist býsna mikið við athuganir á smátillbrigðum í þessum skilningi og útbreiðslu þeirra, enda eru norræn mál sérlega vel til þess fallin að skoða fyrirbæri af þessu tagi. Andartaksumhugsun hlýtur að sannfæra menn um að tilbrigði innan skyldra mála hljóta að vera afleiðing af einhvers konar málbreytingu. Ef öll norræn mál eru komin af sömu móðurtungu þá hlýtur innbyrðis munur þeirra, þ.e. þau tilbrigði sem þau sýna, að stafa af því að tiltekna breytingar á þessari móðurtungu hafi náð til sumra þeirra sem tala norræn mál en ekki annarra. Á sama hátt hljóta tilbrigði (eða mállýskur) innan ákveðins máls, til dæmis íslensku, að stafa af því að ákveðnar málbreytingar hafa ekki skilað sér til allra þeirra sem tala málið. Reglan um órödduð /l,m,n/ á undan /p,t,k/ (sjá (4) hér frammar) á yfirleitt ekki við í norrænum málum ef frá eru taldar nokkrar norskar mállýskur, færeyska — og svo mál meirihluta Íslendinga en ekki allra. Þetta merkir þá að sú breyting að hafa /l,m,n/ órödduð á undan /p,t,k/ hefur náð til allra Færeyinga, flestra Íslendinga og fáeinna Norðmanna. Þannig hafa komið fram tilbrigði innan norrænu málanna að þessu leyti — og þarna eru líka tilbrigði innan norsku og íslensku en hvorki innan færeysku (þar hafa allir /l,m,n/ alltaf órödduð á undan /p,t,k/) né dönsku (þar bera engir /l,m,n/ fram órödduð á undan /p,t,k/).

Þau tilbrigði sem nú var lýst eru vel þekkt og viðurkennd og sama á við um mörg tilbrigði sem varða framburð eða hljóðkerfi. Þetta gildir bæði um mun milli norrænna mála t.d. og mállýskumun innan þeirra, eins og áður var lýst. Sumt af þessum mállýskumun er landshlutabundið, sumt tengist einstökum hópum málnotenda, m.a. aldurshópum. Í íslensku er t.d. nokkur landshlutabundinn munur á framburði, eins og alkunna er, en einnig talsverður kynslóðabundinn munur.<sup>34</sup> Mun minna er vitað um tilbrigði í setningagerð, en norrænir setningafræðingar hafa verið að rannsaka þau á undanförunum árum, að nokkru leyti í skipulegri samvinnu (sjá <http://uit.no/scandiasyn>). Sú samvinna felst aðallega í því að skoða að einhverju leyti sambærilegar setningagerðir innan norrænu málanna

<sup>34</sup> Sjá t.d. Höskuld Þráinsson og Kristján Árnason, „Íslenskar mállýskur,“ *Alfræði íslenskrar tungu* (geisladiskur), ritstj. Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson, Reykjavík: Námsgagnastofnun, 2000, en þar er gerð grein fyrir meginniðurstöðum stórrar rannsóknar á tilbrigðum í íslenskum framburði

og nota hliðstæðar aðferðir við rannsóknirnar. Íslenska rannsóknaverkefnið **Tilbrigði í setningagerð**, sem hlaut þriggja ára öndvegisstyrk frá Rannsóknasjóði, hefur átt aðild að þessari samvinnu. Í þessari rannsókn hafa ekki fundist mikil merki um landshlutabundin tilbrigði í íslenskri setningagerð. Aldursbundin tilbrigði eru hins vegar nokkur, til dæmis að því er varðar val frumlagsfalls með ákveðnum sögnum (*ég blakka/mig blakkar/mér blakkar*), val andlagsfalls með öðrum sögnum (*rústa eitthvað/einhverju*), notkun nýrrar gerðar af þolmynd (*það var brint mér*), notkun greinis í tiltekinni gerð eignarsambanda (*í vasa/vasanum mínum*) o.s.frv. Þótt tilbrigði í íslenskri setningagerð virðist lítil í sniðum miðað við þann mállýskumun sem finna má víða annars staðar geta þau samt sem áður varpað mikilvægu ljósi á það hvernig tungumál breytast og hvernig breytingar breiðast út, þ.e. hvernig málkunnáttan verður til og þróast hjá hverjum og einum (innra málið) og hvaða áhrif það hefur á tungumálið sem heild séð utan frá, ef svo má segja (ytra málið). Sama á auðvitað við um önnur tilbrigði í máli, t.d. í framburði (framburðarmállýskur).

#### *Tilbrigði í máli einstaklinga*

Það er algeng skoðun meðal félagsmálfræðinga að flestum sé eiginlegt að tala tiltekna mállýsku, þ.e. þá sem þeir eru aldir upp við, en margir til-einki sér síðar aðra mállýsku, eða annað tilbrigði af máli, og noti hana þá við sérstakar aðstæður. Slíkir menn eru þá í raun og veru tvítyngdir þótt „tungurnar“ tvær séu þá kallaðar mismunandi mállýskur en ekki mál. Þetta er algengt í þeim málsamfélögum þar sem ákveðið staðalmál er ríkjandi og þykir við hæfi við tilteknar aðstæður. Þá tala menn kannski sína heimamállýsku við sína nánustu eða við óformlegar aðstæður, eða þegar þeir koma heim í sveitina sína eða þorpið sitt, en annars tala þeir einhvers konar staðalmál. Eitt af sérkennum íslensks málsamfélags er að þessu er ekki þannig farið hér, a.m.k. ekki að því er varðar framburðarmállýskur. Það er m.a.s. stundum svo að þau staðbundnu framburðareinkenni sem menn ólust upp við verða meira áberandi við formlegar aðstæður en annars, oft eða oftast ómeðvitað.<sup>35</sup> Þetta þykir erlendum málfélagsfræðingum oft með ólíkindum og þeir vilja jafnvel ekki trúá því.

Frá sjónarmiði málkunnáttufræðinnar er aftur á móti áhugaverð-

<sup>35</sup> Þetta á t.d. við um sjálfan mig. Ég hef tekið eftir því að ég nota minn norðlenska raddaða framburð meira við formlegar aðstæður en annars, t.d. þegar ég þarf að flytja erindi eða lesa eitthvað upp opinberlega. En ég geri þetta ekki viljandi — heyrir það bara eftir á ef þetta hefur verið tekið upp.

ara að velta því fyrir sér hvers eðlis sú málkunnátta er sem „leyfir“ að sami maðurinn noti stundum eitt tilbrigði og stundum annað, jafnvel við sams konar aðstæður. Þetta er nefnilega mun algengara en margir hafa löngum talið. Það kom skýrt fram í áðurnefndri rannsókn okkar Kristjáns Árnasonar á íslenskum framburðarmállýskum og þetta hefur líka komið fram í þeim athugunum á tilbrigðum í íslenskri setningagerð sem nú standa yfir. Tilbrigði af þessu tagi eru kölluð *intra-speaker variation* á ensku og það vísar til þess að um er að ræða tilbrigði í máli saman einstaklings (til aðgreiningar frá *inter-speaker variation* sem vísar þá til tilbrigða milli einstaklinga). Tilbrigði af þessu tagi eru ekki vel samrýmanleg þeirri hugmynd að málkunnáttan skapist í höfði einstaklinganna við það að þeir átti sig smám saman á því hvernig gerðar það mál er sem þeir eru að alast upp við og velji tilteknum færirbreytum gildi samkvæmt því. Þá ætti allt að vera klippt og skorið. En það er það ekki.

### Lokaorð

Í þessari grein hef ég reynt að útskýra í hverju ég tel málfræðibyltingu Chomskys fólga frammar öðru. Ég hef fært rök að því að byltingin hafi fyrst og fremst verið fólgin í endurskilgreiningu á viðfangsefni málfræðinga. Þótt ýmsar formlegar aðferðir og hugtök hafi verið áberandi í skrifum málkunnáttufræðinga í áranna rás, eins og ummyndunarreglurnar fyrrnefndu og sömuleiðis ýmsar gerðir af hríslum, hornklofum, plúsum og mínusum og fleiru af því tagi, þá eru það ekki þessir formlegu þættir sem skipta meginmáli í málkunnáttufræðinni, enda er sífellt verið að endurskoða þá, kasta sumum út og koma með nýja í staðinn. Það er endurskilgreining viðfangsefnisins sem er meginatriðið. Hér á undan hef ég sýnt með dæmum hvaða áhrif þessi endurskilgreining hefur haft á ýmsar undirgreinar málfræðinnar. En ég hef líka haldið því fram að þessara hugmynda gæti alls ekki á öllum sviðum málfræðinnar eða í öllum þeim undirgreinum hennar sem málfræðingar fást við og ég hef reynt að rökstyðja að þetta sé alveg eðlileg afleiðing þess hvers eðlis þessi svið og þessi viðfangsefni eru. Í framhaldi af þessu fjallaði ég síðan um ýmsar gerðir af tilbrigðum í máli í ljósi málkunnáttufræðinnar og gerði grein fyrir því hvernig þau samrýmast ýmsum hugmyndum málkunnáttufræðinga.

Að lokum skal svo ítrekað að málkunnáttufræði snýst ekki í raun um plúsa eða mínusa, hornklofa eða hríslur. Meginatriðið er það að málkunn-

áttufræðingar fást við að lýsa málkunnáttunni og líta á málfræðina sem leið til þess, en það má skoða mörg önnur málleg viðfangsefni á annan hátt og það er meira að segja ekki hægt annað. Það er um þetta sem málið snýst.

### *Ritaskrá*

- Ásta Svavarsdóttir og Þóra Björk Hjartardóttir, „Breytileiki í máli.“ *Erindi um íslenskt mál*, bls. 95–109, Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið, 1996.
- Björn Guðfinnsson, *Íslensk málfræði handa skólum og útværpi*, 4. útgáfa, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1946.
- Chomsky, Noam, *Syntactic Structures*, Haag: Mouton, 1957.
- Chomsky, Noam, *Aspects of the Theory of Syntax*, Cambridge, Mass.: MIT Press, 1965.
- Chomsky, Noam, *Lectures on Government and Binding*, Dordrecht: Foris, 1981.
- Chomsky, Noam, *Knowledge of Language: Its Nature, Origin and Use*, New York: Praeger, 1986.
- Chomsky, Noam, *The Minimalist Program*, Cambridge, Mass.: The MIT Press, 1995.
- Greenberg, Joseph, „Some Universals of Grammar with Particular Reference to the Order of Meaningful Elements,“ Joseph H. Greenberg (ritstj.): *Universals of Language*, 2. útg., Cambridge, Mass.: The MIT Press, 1963, bls. 73–113.
- Hallgrímur Helgi Helgason, „Erfðalyklar tungumálsins. Viðtal við David Lightfoot,“ *Morgunblaðið* 9. september, 2007.
- Harris, Zellig S., *Methods in Structural Linguistics*, Chicago: University of Chicago Press, 1951.
- Höskuldur Þráinsson, „Stuðlar, höfuðstafir, hljóðkerfi,“ *Afmælikveðja til Halldórs Halldórsonar* 13. júlí 1981, Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið, 1981, bls. 110–123.
- Höskuldur Þráinsson, *Setningar*, Handbók um setningafræði, Íslensk tunga III, ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson, meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005.
- Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, „Íslenskar mállýskur,“ *Alfræði íslenskrar tungu* (geisladiskur), ritstjórar Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson, Reykjavík: Námsgagnastofnun, 2000.
- Jakobson, Roman, *Kindersprache, Aphasie und allgemeine Lautgesetze*, Uppsölum, 1941.
- Joos, Martin (ritstj.), *Readings in Linguistics I: The Development of Descriptive Linguistics in America 1925–1956*, Chicago: University of Chicago Press, 1957.
- Jón Axel Harðarson, „Íslenskt mál,“ *Morgunblaðið* 17. maí, 2008.
- Jón Helgason, *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, Safn Fræðafjelagsins 7, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag, 1929. [Endurprentuð hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 1999.]
- Koerner, E.F.K., *Linguistic Historiography*, Projects and Prospects, Amsterdam: John Benjamins, 1999.
- Kristján Árnason, „Áhersla og hrynjandi í íslenskum orðum,“ *Íslenskt mál* 5, 1983, bls. 53–80.
- Kristján Árnason, *Hljóð*, Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði, Íslensk tunga I,



- aðalhöfundur Kristján Árnason, meðhöfundur Jörgen Pind, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005.
- Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson, „Fonologiske dialekttræk på Island. Generationer og geografiske områder,“ *Nordisk dialektologi*, ritstj. Gunnstein Akselberg, Anne Marit Bødal og Helge Sandøy, Oslo: Novus, 2003, bls. 151–196.
- Kuryłowicz, Jerzy, „La nature des proces dits "analogiques",“ *Acta Linguistica* 5, 1945–49, bls. 15–37.
- Lightfoot, David, *How New Languages Emerge*, Cambridge: Cambridge University Press, 2006.
- Mańczak, Witold, „Tendances générales des changements analogiques,“ *Lingua* 7, 1958, bls. 298–325 og 387–420.
- Margrét Guðmundsdóttir, *Rannsóknir málbreytinga: Markmið og leiðir*, M.A.-ritgerð, Reykjavík: Háskóla Íslands, 2000.
- Margrét Guðmundsdóttir, „Málbreytingar í ljósi málkunnáttufræði,“ *Íslenskt mál* 30, 2009, bls. 7–52.
- Saussure, Ferdinand de, *Cours de linguistique générale*, Lausanne: Librairie Payot & Cie, 1916. [Fjölmargar útgáfur síðan á ýmsum málum.]
- Sigríður Magnúsdóttir, „Málstol, málfræðistol og setningafræði,“ Setningar, Handbók um setningafræði, Íslensk tunga III, ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 656–670.
- Sigríður Magnúsdóttir og Höskuldur Þráinsson, „Málstol og málfræðistol. Um heila-stöðvar, máltruflanir og málfræði,“ *Íslenskt mál* 10–11, 1990, bls. 85–124.
- Sigríður Sigurjónsdóttir, „Máltaka og setningafræði,“ Setningar, Handbók um setningafræði, Íslensk tunga III, ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 636–655.
- Smith, Neil V., og Ianthi-Maria Tsimpli, „Linguistic Modularity: A Case of a Savant Linguist,“ *Lingua* 84, 1991, bls. 315–351.
- Smith, Neil V., og Ianthi-Maria Tsimpli, *The Mind of a Savant: Language-Learning and Modularity*, Oxford: Blackwell, 1995.